


UMSÖGN VEGNA VEIÐISTADAGERÐAR
I HRÚTAFJARÐARA 1991

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, október 1991 VMST-V/91025X



Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild
Fiskirækt og fiskeldi ■ Rannsóknir og ráðgjöf

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
S: 93-71197/71097
Fax: 93-71048

INNGANGUR

Gerð veiðistaða í laxveiðiám hérlendis hefur aukist að umfangi hin síðari ár og í mörgum tilfellum er umtalsverðu fjármagni veitt til slíkra verkefna. Veiðistaðagerð flokkast undir fiskrækt, samanber lax- og silungsveiðilögin nr 76/1970, en þar er fiskrækt skilgreind sem hvers konar aðferðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns. Markmiðið með gerð eða endurbótum veiðistaða er að tryggja nægilegt veiðiálag á þann fisk sem gengur í ána hverju sinni. Ennfremur að auka veiðiálag á ákveðin svæði í ánum þar sem veiðistaðir eru mjög fáir og tryggja þannig eðlilega dreifingu veiði um alla ána ef það þykir fært, en sem kunnugt er hefur dreifing veiðinnar hvað mest áhrif á arðskrá veiðifélaga.

Mörgum aðferðum hefur verið beitt til veiðistaðagerðar hérlendis, en mismunandi aðferðir verður að velja miðað við botngerð og straumlag árinna á hverju svæði og þekking á vatnsfræði skiptir þar sköpum um árangur. Hér verður greint frá gerð veiðistaðar í Hrútafjarðará sem fram fór veturinn 1990 - 1991, á eyrasvæði árinna skammt fyrir neðan bæinn Mela. Veiðistaðurinn var gerður í samráði við fiskifræðing og fyrirmyndir hafðar af veiðistöðum sem gerðir hafa verið við svipaðar aðstæður.

FRAMKVÆMD

Veiðistaðurinn var gerður á eyrasvæði, þar sem botngerð einkennist af mól og smágrýti. Botninn er þó fremur fastur fyrir, þó nokkur hreyfing sé á honum. Mjög fáir veiðistaðir eru á þessu svæði, þar sem engar fyrirstöður eru frá náttúrunnar hendi sem leiða til myndunar hylja.


Sú leið var farin að mynda þröskuld í ána með grjótstíflu. Grjótstíflan er skeifulaga og gerð úr stórgrýti, sem er skilyrði þess að grjótið haldist í ánni. Við grjótstífluna myndast fall í ánni sem leiðir til þess að hylur myndast fyrir neðan. Ain kemur síðan sjálf til með að grafa hylinn, einkum í flóðum er rofmáttur er sem mestur. Fyrir ofan veiðistaðinn myndast einnig fljót sem gæti hentað sem legu-

staður fyrir göngufisk og lax gæti þannig bæði veiðst ofan og neðan staðarins. Skýringarmynd fylgir sem sýnir gerð veiðistaðarins (Mynd 1), auk tveggja ljósmynda (Mynd 2) sem sýna veiðistaðinn vorið 1991. Lax hefur þegar veiðst í hylnum og næstu ár leiða síðan í ljós um hversu vel hefur tekist til um gerð veiðistaðarins.


MYND 1

Skýringarmynd af gerð veiðistaðar í Hrútafjarðará.

Grjótstífla séð ofan frá



Grjótstífla séð frá hlið



MYND 2

Ljósmyndir af nýlegum veiðistað í Hrútafjarðará.

